
Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 10. nóvember 2025 lagði Hornafjarðarhöfn fram umhverfismatsskýrslu um dýpkun á Grynnslnum í Hornafirði til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfismatsskýrslan var kynnt með auglýsingu á vef Skipulagsstofnunar og í Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 18. nóvember 2025 til 2. janúar 2026.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Vegagerðarinnar

Umhverfismatsskýrsla: Dýpkun á Grynnslnum Hornafirði. Umhverfismatsskýrsla. VSÓ-ráðgjöf, nóvember 2025.

Viðauki með umhverfismatsskýrslu: Botndýralíf á losunarreit utan við Hornafjarðarós. Úttekt árið 2025. Náttúrustofa Suðvesturlands, október 2025.

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 18. nóvember 2025.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 22. janúar 2026.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 9. janúar 2026
- Fiskistofu, dags. 5. desember 2025
- Hafrannsóknastofnun, dags. 20. janúar 2026
- Landhelgisgæslunni, dags. 5. janúar 2026
- Náttúrufræðistofnun, 12. janúar 2026
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 23. desember 2025




2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við sjávarfallaósa og eru mikill áhrifabáttur í siglingum á svæðinu inn að Höfn í Hornafirði. Ölduhæð hefur takmarkandi áhrif á siglingar um þau og eru reglulega tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar yfir vetrarmánuðina. Fyrirhugað dýpkunar- og losunarsvæði er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga. Fyrirhuguð framkvæmd felur annars vegar í sér dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Vegagerðin fer með umsjón verksins.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að grynningar framan við Ósinn, Grynnslin, takmarki djúpristu skipa sem sigli yfir þau en meðaldýpi á þeim sé talið vera um 7 - 7,5 m. Skip sem sigli um svæðið risti mest um 6,8 - 7,4 m. Til samanburðar risti nýjustu uppsjávarskip íslenska flotans allt að 10 m. Reglulega yfir vetrarmánuðina verði tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar en uppsjávarskipin sem risti mest á siglingu sinni yfir Grynnslin geti ekki siglt ef ölduhæð fari upp fyrir 3 - 4 m sem geti verið hamlandi í útgerð yfir vetrarmánuðina. Þrátt fyrir þessar hömlur vegna ölduhæðar reki skipin oft niður á siglingu sinni yfir Grynnslin og eigi það einnig til að stöðvast á miðjum Grynnslinum. Markmið framkvæmdanna sé að dýpka siglingarás um Grynnslin niður í 11 m svo skip geti siglt í flestum veðrum.



Mynd 1. Staðsetning dýpkunarsvæðis (blátt) og losunarsvæðis (rautt). Mynd úr umhverfismatsskýrslu.

Í köflum 4.1 til 4.4 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á aðstæðum á framkvæmdasvæði, forsögu framkvæmda, dýpkun og efnislosunarsvæði. Þar kemur m.a. fram að Vegagerðin stefni á að sækja um langtímaleyfi til dýpkunar á Grynnslinum. Miðað sé við að efnismagn dýpkunar verði á bilinu 0 – 1.000.000 m³ á ári, samtals allt að 5.000.000 m³ til 10 ára. Dýpkað verði með sanddæluskipi.



Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að efni verði losað um 5 km suðaustan af Hvanney. Í janúar 2025 voru losaðir um 230.000 m³ af dýpkunarefni á losunarstaðinn. Við losun myndist efnishaugar á efnislosunarsvæðum. Haugarnir fletjast út með tímanum en það fari eftir aðstæðum hversu langan tíma það taki. Með því að hafa ríflegt losunarsvæði sé hægt að dreifa losuninni yfir stærra svæði og koma í veg fyrir að haugar byggist upp. Losunarstaður sé á 30 til 35 m dýpi. Efnisflutningar á þessu dýpi séu drifnir áfram af sjávarfallastraumum og öldustraumum. Þegar dýpi aukist minnki áhrif strauma á botninn. Ef straumarnir mynda nógu háan skerkraft við yfirborð sjávarbotns sé hreyfing á sandi á botninum. Samkvæmt sjávarfallaspá Vegagerðarinnar sé sjávarfallastraumur á svæðinu ríkjandi til vesturs og straumhraði á bilinu 0-0,7 m/s. Í umhverfismatsskýrslu er vísað til sambærilegrar reynslu af efnisflutningum við Landeyjahöfn. Fram kemur að losun á miklu magni dýpkunarefnis hafi verið við Landeyjahöfn undanfarin 15 ár. Mælingar á losunarstað sýni að haugarnir sem myndast jafnist út með tímanum og gangi til vesturs undan sjávarfallastraumum. Öldufar og sjávarfallastraumar séu svipuð og á Grynslunum.

Fram kemur að Vegagerðin muni vera með árlegar dýptarmælingar á losunarsvæðinu og skráningu á umfangi losunar. Magn losunar og staðsetning séu ákvörðuð út frá aflaskýrslu og upplýsingum um hvar efni hefur verið losað áður. Fylgst verði með dreifingu efnis og þess gætt að haugar myndist ekki.

2.2 Valkostir

Í áliti Skipulagsstofnunar um matsáætlun var bent á mikilvægi þess að umhverfismat framkvæmdarinnar yrði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma, t.a.m. valkosti um tímasetningu framkvæmda eða mismunandi staði til að losa efni. En eðli málsins samkvæmt væri vafasamt að velta upp ólíkum kostum á dýpkunarsvæði.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að við undirbúning matsins var litið til þess að svæðið hefur áður verið nýtt til efnislosunar í tengslum við dýpkun, auk þess sem fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að sjávarbotn á svæðinu og á nærliggjandi svæði sé mjög einsleitur með hliðsjón af botngerð og lífríki. Í því ljósi var ekki talin ástæða til að skoða aðra valkosti. Sömuleiðis sé tímasetning dýpkunar og losunar ekki talinn afgerandi þáttur hvað varðar áhrif framkvæmdar á umhverfisþætti.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óveruleg, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 14 í umhverfismatsskýrslunni.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Hornafjarðarhafnar á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Áhrif á strandsjávarhlöt og botndýralíf

3.1.1 Mat Hornafjarðarhafnar

Í umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar eru birtar niðurstöður í drögum að áhrifamati sem er byggt á leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlöt.

Fram kemur að dýpkunar- og losunarsvæði séu á svæði strandsjávarhlotsins Lón að Dyrhólaey nr. 1031340-C. Staðbundið álag er skráð á strandsjávarhlötið vegna skólpráveitu án hreinsunar frá



Höfn og vegna gamals urðunarstaðar á Stokksnesi. Gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið strandsjávarhlotsins náist, byggt á líkindum, en vistfræðilegt ástand er óflokkað og efnafræðilegt ástand óþekkt. Umhverfismarkmið strandsjávarhlota sé að þau skuli hafa a.m.k. gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand, samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar séu áhrifaþættir framkvæmda sem kunni að hafa áhrif á gæðapætti, efnislosun, sem geti valdið tímabundinni gruggmyndun og breytt formfræði á losunarsvæði tímabundið, þar til sjávarfallastraumar hafa jafnað efnið út, s.s. hauga sem myndist við efnislosun. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki taldar valda efnaálagi, breyta ekki seltu, trufla ekki vatnsskipti (flóð og fjöru), hafi ekki hitabreytingar í för með sér og þveri ekki fjörð. Þessir gæðapættir séu því ekki til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu. Strandsjávarhlotið sé opin strönd með sterkum sjávarfallastraumum og öldugangi. Stöðugir sandflutningar eigi sér stað á dýpkunarsvæðinu og því var ekki talin þörf á sýnatöku þar.

Fram kemur að sýnataka á botndýralífi hafi farið fram 1. júlí 2025 á fjórum stöðvum innan skilgreinds losunarsvæðis utan við Hornafjarðarós. Sýnin voru greind til að meta vistfræðilegt ástand svæðisins með gæðavísunum AMBI¹ og NQI¹², í samræmi við lög um stjórn vatnamála og kröfur um ástandsflokkun vatnshlota í sjó. Heildarfjöldi tegunda var á bilinu 27–30 á stöð og voru burstaormar langalgengasti hópurinn með 29 flokkunareiningar. Niðurstöður sýna að lífríki svæðisins er fjölbreytt og einkennist af ríkjandi burstaormum (Polychaeta), sem er dæmigert fyrir mjúkan botn í strandsjó. Liðormar voru langalgengasta fylkingin, en lindýr og liðdýr næst á eftir og endurspegli það jafnvægi milli rán- og grotæta sem telst eðlilegt á ótrufluðum setbotni. Tilvist burstaormsins Capitella capitata á tveimur stöðvum gefi þó vísbendingu um staðbundin áhrif lífræns álags, þó ekki í mæli sem hefur raskað samfélagsgerðinni. Niðurstöður kornastærðargreininga bendi til þess að botninn á svæðinu sé að mestu fingerður sandur. Slíkur botn hentar vel burstaormum og öðrum botnlífverum sem voru ríkjandi í sýnunum. Á stöðvum KC-01 og KC-02 greindist hærra hlutfall finna efnis og á sömu stöðvum fannst Capitella capitata sem er þekkt vísitægund fyrir lífrænt álag og súrefnissnauð skilyrði. Þessi samsetning bendi til þess að losun botnsets hafi haft staðbundin áhrif á setgerð og þar með vistfræðileg skilyrði á þessum stöðvum. Engin merki séu þó um verulegt rask á samfélagsgerð botndýra og niðurstöður fjölbreytileikastuðla styðja það mat. AMBI-gæðavísirinn (1,85 - 2,08) flokki svæðið sem lítilega raskað, en NQI1-vísirinn (0,70 - 0,73) sýni mjög gott ástand samkvæmt íslenskum viðmiðum. Niðurstöðurnar bendi því til að botndýralíf á losunarreitnum við Hornafjarðarós sé í mjög góðu vistfræðilegu ástandi án merkjanlegra áhrifa frá fyrri losun.

Þá kemur fram að reglubundin vöktun verði viðhöfð með það að markmiði að tryggja langtímasamanburð og fylgjast með mögulegum breytingum á samfélagsgerð botndýra og vistfræðilegum skilyrðum á svæðinu. Niðurstöða Hornafjarðarhafnar er sú að framkvæmd sé líkleg til að hafa staðbundin og tímabundin áhrif á vatnsformfræðilega þætti á losunarsvæðinu. Umfang áhrifa sé ekki slíkt að líklegt sé að ástand vatnshlota rýrni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Áhrif eru metin óverulega neikvæð.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Náttúrufræðistofnun tekur í umsögn sinni undir þá niðurstöðu að losunin sé líkleg til að hafa staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif á botndýralíf. Sem mótvægisáðgerð sé fyrirhugað að vakta samsetningu lífvera á losunarstað á 2-3 ára fresti meðan á framkvæmdum stendur. Þar sem breytilegt er hversu mikið efnismagnið verður á ári væri eðlilegra að miða tíðni vöktunar líka við

¹AMBI, er mælikvarði á hlutfall viðkvæmra og þolinna tegunda, (<https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2022-39.pdf>).

² Gæðavísirinn NQI1 (Norwegian Quality Index 1) er samsettur úr AMBI og byggir einnig á fjölbreytileika botndýra.



efnismagn og bæta við vöktun ef losun fer yfir ákveðið magn. Þá mætti miða við sýnatöku á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m³. Áhrif á botndýralíf geta líka haft áhrif upp fæðukeðjuna, þar með talið á fuglalíf en almennt er lítið vitað um hvernig efnislosun af þessum toga hefur áhrif á fæðuöflun sjófugla.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er tekið undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar um að vöktun botndýralífs taki mið af magni efnis fremur en tíma. Jafnframt er bent á að mikilvægt sé að tryggja hæfilega dreifingu efnis á losunarsvæðinu. Ef losun fer mikið umfram það magn sem losað var 2025 og sýnataka bendi til umfangsmeiri áhrifa á botndýralíf er nauðsynlegt að endurskoða efnislosun í ljósi þess.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að farið verði að tillögu Náttúrufræðistofnunar um að miða sýnatöku við annað hvert ár eða eftir 1.000.000 m³.

3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu Hornafjarðarhafnar um að fyrirhuguð dýpkun á Grynslunum sé líkleg til að hafa í för með sér óverulega neikvæð áhrif á vatnshlot. Tekið er undir niðurstöðu Hornafjarðarhafnar um að framkvæmdin sé líkleg til að hafa stað- og tímabundin áhrif á vatnsformfræðilega þætti á losunarsvæðinu. Umfang áhrifa sé ekki slíkt að líklegt sé að ástand vatnshlota rýrni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Sú niðurstaða byggir á því að um er að ræða framkvæmd sem felst í tilflutningi efnis í umhverfi sem er mjög kvikt frá náttúrunnar hendi. Rannsóknir frá sumrinu 2025 á botndýralífi sýna að áhrif fyrri efnisflutninga og losunar á sama svæði eru að mestu leyti stað- og tímabundin. Miðað við flutninga á 230.000 m³ efnis árið 2025 virðist botndýralíf á losunarreitnum við Hornafjarðarós í mjög góðu vistfræðilegu ástandi án merkjanlegra áhrifa frá fyrri losun.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar um að vöktun botndýralífs verði annað hvert ár eða þegar 1.000.000 m³ efnismagni er náð. Það byggir á óvissu um áhrif framkvæmdanna ef til þess kemur að 1.000.000 m³ efnis verði losað á einu ári þegar mest lætur. Raunverulegt mat á áhrifum svo umfangsmikilla flutninga fæst eingöngu með vöktun og nauðsynlegt er að framkvæmdaraðili endurskoði tilhögun starfseminnar ef vöktun sýni umfangsmeiri neikvæð áhrif á botndýralíf en menn væntu.

4 Skipulag og leyfi

Bæði dýpkunar- og losunarsvæði eru utan netlaga og þar með stjórnsýslumarka sveitarfélaga á landi.

Efnistaka utan netlaga er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Varp dýpkunarefna í hafið er jafnframt háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar um dýpkun siglingarleiðar um Grynslin við Hornafjarðarós sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



Í umhverfismatsskýrslu Hornafjarðarhafnar eru kynnt áform um dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós og losun dýpkunarefnis á 30 til 35 metra dýpi.

Skipulagsstofnun telur fyrirhugaða dýpkun á Grynnslinum líklega til að hafa í för með sér óverulega neikvæð áhrif á vatnshlot. Framkvæmdin er líkleg til að hafa stað- og tímabundin áhrif á vatnsformfræðilega þætti á losunarsvæðinu. Rannsóknir á flutningi á 230.000 m³ efnis árið 2025 benda til að botndýralíf á losunarreitnum við Hornafjarðarós sé í mjög góðu vistfræðilegu ástandi án merkjanlegra áhrifa frá losun en ástæða er til að vöktun taki mið af umfangi flutninga eins og rakið var að framan.

Reykjavík, 30. janúar 2026

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

